
Upplifanir í borðabókunum Noona HQ

Síðast uppfært 08/07/2026 3:28 pm BST

Búa til upplifunina


Fyrsta skref er að búa til upplifunina:

1. Smellir á **valmydnina** (þrjú strikin uppi í vinstra horninu).
2. Velur **"Upplifanir"** (Experiences).
3. Smellir á **"+Bæta við"** í hægra horninu.




Upplýsingar á upplifuninni

Næsta skref er að setja inn grunnupplýsingarnar sem þú vilt að komi fram á upplifuninni eins og nafn, lýsing og lengdina á henni. Einnig getur þú sett inn upplýsingar um verð og fjölda gesta.




Netbeiðnir


Ef þú ætlar að birta upplifunina í netbeiðnum þá þarftu að passa upp á að hakið „birta þjónustu í netbeiðnum“ sé á. Hér getur þú einnig sett inn mynd sem passar við upplifunina, stjórnað hvaða borð eru bókanleg og haft sérsniðin skilaboð sem birtast á staðfestingarskjá eftir bókun.



Þegar mynd er sett inn á upplifunina, stofnast sjálfkrafa upplifunarsíða sem hægt er að deila hlekk á tiltekna upplifun. Hlekkurinn er undir netbeiðnum í uplifuninni.




Svona líta upplifunarsíðurnar út:




Reglusett

Til þess að ákvarða hvenær á að vera hægt að bóka á upplifunina þá þarftu að setja upp reglusett.

1. Byrjar á því að smella á **valmyndina** (þrjú strikin uppi í vinstra horninu.
2. Velur **"Reglusett".**
3. Smellir á "**+Bæta við"** í hægra horninu
   

4. **Nýtt reglusett**
   

Þar getur þú valið hverskonar reglu þú vilt setja upp. Um er að ræða 6 mismunandi tegundir af reglum.



- **Opnunartímar:** þessi reglar ákvarðar opnunartímann fyrir viðburðinn. Athugið að ef opnunartíminn á að vera öðruvísi en hefðbundinn opnunartími þá þarf að stilla hann hér.
- **Netbókanir:** Hérna ertu að stilla hvenær viðskiptavinir eiga að geta bókað í viðburðinn á netinu.
- **Sérsniðinn hámarksfjöldi gesta:** Hér setur þú inn hámarksfjölda gesta sem getur komið á viðburðinn.
- **Yfirskrifa lengd bókunar:** Hér getur þú breytt lengdinni á bókuninni og ef það á við um ákveðinn fjölda gesta.

- **Greiðslur:** Þú getur krafist fyrirframgreiðslu, staðfestingargjalds eða að fá kortaupplýsingar viðskiptavinar fyrir bókun á viðburðum.




- **Sérsniðin skilaboð:** Hér getur þú sérsniðið skilaboðin sem viðskiptavinir fá send í tölvupósti og við staðfestingu á bókun fyrir viðburðinn.

5. Síðasta skrefið er síðan að stilla dagsetninguna fyrir upplifunina. Það er gert með því að ýta á **þrjá punktana** hægra megin á reglusettinu

-> Velur síðan **+ Bæta við tímabili**

og setur þar inn dagsetninguna eða tímabilið undir **'upphafs dagsetning'** og **'loka dagsetning'.**



Endilega hafðu samband við okkur í gegnum spjallbúbbluna eða í tölvupósti á hq@noona.is ef einhverjar spurningar eða pælingar vakna⁉️
